

Fréttatilkynning

12. maí 2026

Kvika banki hf.: Afkoma Kviku banka á fyrsta ársfjórðungi 2026

Kröftug aukning vaxtatekna og lækkun rekstrarkostnaðar.

Á stjórnarfundum þann 12. maí 2026 samþykktu stjórn og forstjóri árshlutauppgjör samstæðu Kviku banka hf. („Kvika“) fyrir fyrsta ársfjórðung 2026.

Helstu atriði í afkomu fyrsta ársfjórðungs (1F 2026):

- Hagnaður af áframhaldandi starfsemi samstæðunnar fyrir skatta nam 1.809 m.kr. á 1F 2026, samanborið við 701 m.kr. á 1F 2025 og eykst um 1.108 m.kr. eða 158%.
- Hagnaður af áframhaldandi starfsemi samstæðunnar eftir skatta nam 1.374 m.kr. á 1F 2026, samanborið við 186 m.kr. á 1F 2025 og eykst um 1.188 m.kr.
- Hreinar vaxtatekjur námu 3.266 m.kr. á 1F 2026, samanborið við 2.917 m.kr. á 1F 2025 og hækkuðu um 349 m.kr. frá fyrra ári eða 12,0%.
- Vaxtamunur var 4,5% á 1F 2026, samanborið við 4,4% á 1F 2025.
- Hreinar þóknatekjur námu 1.486 m.kr. á 1F 2026, samanborið við 1.520 m.kr. á 1F 2025 og lækkuðu um 34 m.kr. frá fyrra ári eða 2,3%.
- Aðrar rekstrartekjur námu 135 m.kr. á 1F 2026, samanborið við 12 m.kr. á 1F 2025 og hækkuðu um 123 m.kr. frá fyrra ári.
- Rekstrarkostnaður nam 3.014 m.kr. á 1F 2026, samanborið við 3.090 m.kr. á 1F 2025 og lækkar um 76 m.kr. frá fyrra ári eða 2,5%.
- Arðsemi efnislegs eigin fjár (RoTE) fyrir skatta af áframhaldandi starfsemi nam 15,7% á 1F 2026, samanborið við 7,8% á 1F 2025.
- Hagnaður á hlut nam 0,31 kr. á 1F 2026, samanborið við 0,04 kr. af áframhaldandi starfsemi á 1F 2025.

Helstu atriði efnahags þann 31.3.2026:

- Innlán frá viðskiptavinum námu 190 ma.kr., samanborið við 173 ma.kr. í lok árs 2025 og jukust um 9,8% á ársfjórðungnum.
- Útlán til viðskiptavina voru 217 ma.kr., samanborið við 208 ma.kr. í lok árs 2025 og jukust um 4,3% á ársfjórðungnum.
- Heildareignir námu 360 ma.kr., samanborið við 343 ma.kr. í lok árs 2025.
- Eigið fé samstæðunnar var 67 ma.kr., samanborið við 69 ma.kr. í lok árs 2025.
- Eiginfjárhlutfall samstæðunnar (CAR) var 26,7%, samanborið við 26,8% í lok árs 2025. Hlutfallið tekur tillit til óendurskoðaðs hagnaðar fjórðungsins en eiginfjárhlutfall samkvæmt reglum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands var 26,2% í lok mars 2026.
- Heildar lausafjárþekjuhlutfall (LCR) samstæðunnar var 291%, samanborið við 404% í lok árs 2025.
- Heildareignir í stýringu námu 450 ma.kr., samanborið við 469 ma.kr. í lok árs 2025.

Stjórn bankans hefur boðað til hluthafafundar þann 4. júní 2026 þar sem lögð er til sérstök arðgreiðsla að fjárhæð kr. 2,35 á hlut, eða rúmir 10 milljarðar króna. Á aðalfundi 18. mars kom fram að eiginfjárstaða félagsins yrði áfram mjög sterk og að stjórn myndi meta frekari útgreiðslur síðar á árinu. Í ljósi þess að samruni Kviku og Arion banka verður ekki að veruleika er nú til staðar aukið svigrúm til að skila fjármunum til hluthafa.

Við mótun tillögu stjórnar var einnig tekið mið af fyrirbyggjandi heimild til kaupa á eigin hlutabréfum fyrir allt að 10% af hlutafé félagsins. Stjórn stefnir þannig, ef aðstæður leyfa, einnig að því að kaupa eigin hlutabréf fyrir allt að fjóra milljarða króna síðar á árinu.

Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku:

„Fyrsti ársfjórðungur ársins 2026 var mjög góður í rekstri bankans, vaxtatekjur halda áfram að aukast, kostnaðaraðhald er að skila sér og við sjáum góðan vöxt í lykilþáttum starfseminnar.

Skömmu eftir lok fjórðungsins var tilkynnt um að hætt hefði verið við samrunaviðræður Kviku og Arion, í kjölfar niðurstaðna forviðræðna við Samkeppniseftirlitið. Mikil og vönduð vinna var lögð í þessar viðræður enda töldu samrunaaðilar allar vísbendingar til þess að mikil verðmæti hefðu skapast fyrir hluthafa og viðskiptavinum ef af samrunanum hefði orðið.

Bankinn heldur ótrauður áfram á þeirri vegferð sem mörkuð var fyrir um tveimur árum síðan, sem byggist á umtalsverðum vexti með það að markmiði að skapa verðmæti fyrir hluthafa og aðra hagaðila, en afar vel hefur gengið að ná þeim markmiðum sem við kynntum á Fjárfestadegi Kviku 2024.

Mikilvægt næsta skref í þeirri vegferð er að auka skilvirkni fjármagnsskipan bankans. Í apríl gáfum við út í fyrsta sinn svokölluð AT1 skuldabréf, sem teljast til viðbótar eiginfjárbáttar 1, fyrir fjárhæð sem nemur um 4 milljörðum króna. Útgáfan fór fram í Svíþjóð og fékk afar góðar viðtökur þar sem kjörin, 4,25% yfir millibankavöxtum, voru mun hagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir.

Andvirði þessarar útgáfu, ásamt mjög sterkri eiginfjárstöðu fyrir hana, gerir stjórn bankans kleift að leggja til rúmlega 10 milljarða arðgreiðslu við hluthafafund sem boðaður hefur verið í byrjun júní. Þess utan gefur sterk eiginfjárstaða okkur mögulegt að stefna að allt að 4 milljarða endurkaupum á árinu, án þess að dregið sé úr áætlunum um lánavöxt né markmiðum um mikinn fjárhagslegan styrkleika.

Ef þessi markmið ganga eftir mun Kvika hafa skilað rúmlega 40 milljörðum króna til hluthafa sinna á einungis tveimur árum, á sama tíma og mjög góður vöxtur hefur verið í starfsemi bankans. Þessi breyting á fjármagnsskipan bankans mun jafnframt að öðru óbreyttu hafa umtalsverð jákvæð áhrif á arðsemi eiginfjár til framtíðar.

Þá verður haldið áfram að sækja fram byggt á þeim sterka grunni sem hefur verið lagður á undanförunum árum, með öflugan rekstur og skýra stefnu að leiðarljósi.“

Kynningarfundur og fjárfestakynning

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn miðvikudaginn 13. maí kl. 08:30 í höfuðstöðvum bankans á 9. hæð í Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Fundinum verður jafnframt streymt á íslensku á eftirfarandi vefslóð: <https://kvika.is/kynning-a-uppgjori-3m-2026/>

Hægt er að senda tölvupóst með spurningum fyrir fund eða á meðan honum stendur á netfangið: fjarfestatengsl@kvika.is



Meðfylgjandi er fjárfestakynning. Að auki mun upptaka með enskum texta vera gerð aðgengileg á vefsvæði Kviku.